

Varðar: Drápuhlíð 14-16 – fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. júní 2024 var lögð fram fyrirspurn Hjallastefnunnar ehf., dags. 29. maí 2024, um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 14-16 við Drápuhlíð úr heilsugæslu í leikskóla



Aðalskipulag Reykjavíkur
2040



Götumynd tekin af já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Húsið að Drápuhlíð 3 er staðsett í borgarhluta 3 Hlíðar og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB17 Hlíðar-vestur.

Deiliskipulag/hverfisskipulag: Hverfisskipulag fyrir Hlíðar er í samþykktarferli.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 14-16 við Drápuhlíð er steipt, tvílyft hús byggt árið 1958 skv. fasteignaskrá. Húsið er skráð sem heilsugæsla í fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að breyta notkun hússins og lóðarinnar í leikskóla.

Um íbúðasvæði segir í aðalskipulagi:

3.2. Íbúðarbyggð. Almenn skilgreining landnotkunar

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minni háttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins (gr. 6.2.a. í skipulagsreglugerð).

Í íbúðarbyggð er almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði* **ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu**, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Helstu þjónustukjarnar (s.s. hverfiskjarnar með stærri matvörubúðum) og stofnanir (s.s. grunnskólar) og stærri útivistarsvæði eru afmörkuð sérstaklega á uppdrætti. Innan íbúðarbyggðar er einnig mögulegt að gera ráð fyrir fjölbreyttri atvinnustarfsemi, enda sé um að ræða þrífalega starfsemi sem ekki veldur ónæði, og almennri opinberri þjónustu (þ.m.t. búsetukjarnar). Fjölbreyttari landnotkun er heimil í íbúðarbyggð sem fellur undir skilgreininguna aðalgata eða

nærþjónustukjarni (sjá kafla 3.3). Hægt er að setja nánari ákvæði og heimildir um starfsemi innan íbúðarbyggðar í hverfis-og/eða deiliskipulagi. Ofangreind skilgreining á við um öll svæði fyrir íbúðarbyggð í aðalskipulaginu; ÍB1–ÍB63, sbr. framsetning á skipulagsuppráttum. Sjá Viðauka 5 með lista yfir öll svæði sem skilgreind eru sem íbúðarbyggð.

Heilsugæslan sem áður var í húsinu er flutt annað og því engin starfsemi í húsinu í dag. Í hverfisskipulagi fyrir Hlíðar, sem er í samþykktarferli, er fjallað um að þarna þurfi að lagfæra lóðina og útbúa gott dvalarsvæði í stað bílastæðis sem er þar í dag. Fordæmi er fyrir því að hafa leikskóla á íbúðarsvæði enda fellur starfsemi leikskóla undir grunnþjónustu.

Niðurstaða:

- Jákvætt er tekið í erindið
- Nauðsynlegt er að endurheimta lóð til þess að skapa leiksvæði fyrir börn

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar
verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.